

Nd. **434. Frumvarp til laga** [192. mál]

um breyting á lögum nr. 41 1955, um greiðslu kostnaðar við skóla, sem reknir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum, og lögum nr. 18 1958.

Flm.: Sigurður Bjarnason, Gunnar Gíslason, Friðjón Þórðarson, Jón Kjartansson.

1. gr.

2. málsg. 3. gr. laganna orðist svo:

Ríkissjóður greiðir stofnkostnað heimavistarskóla barnafræðslustigs og húsmæðraskóla að þremur fjórðu hlutum, en stofnkostnað heimavistarskóla (héraðsskóla) gagnfræðastigs að fullu.

2. gr.

15. gr. laganna orðist svo:

Þegar húsmæðraskóli nýtur ekki jarðhita til upphitunar, greiðir ríkissjóður $\frac{3}{4}$ hluta upphitunarkostnaðar, en sama kostnað greiðir ríkissjóður að fullu vegna héraðsskóla.

3. gr.

2. málsgr. 16. gr. laganna orðist svo:

Annan kostnað af skólalagði heimangönguskóla gagnfræðastígs og húsmæðra-skóla en þann, sem sérstaklega hefur verið talinn, greiðir ríkissjóður að hálfu á móti sveitarsjóðum. Annan kostnað vegna heimavistarskóla gagnfræðastígs (héraðs-skóla) greiðir ríkissjóður að fullu að frádregnum tekjum.

4. gr.

Ákvæði laga nr. 18/1958 skulu falla niður, að því er tekur til heimavistarskóla gagnfræðastígs (héraðsskóla).

5. gr.

Ákvæði laga þessara skulu gilda frá 1. janúar 1962.

Greinargerð.

Frumvörp svipaðs efnis og þetta hafa verið flutt á undanförunum þingum, fyrst af Péttri Ottesen, þáv. þingmanni Borgf., árin 1956 og 1957. Náðu þau þá ekki fram að ganga. Fylgdi þeim þá ýtarleg greinargerð, þar sem m. a. var komið að orði á þessa leið:

„Á síðastliðnu hausti áttu fund með sér í Reykjavík fulltrúar frá nokkrum af þeim sýslufélögum, sem standa undir kostnaði af héraðsskólum og húsmæðraskólum í sveitum: Frá Rangárvallasýslu og Vestur-Skaftafellssýslu Björn Björnsson sýslumaður. Frá Árnessýslu Páll Hallgrímsson sýslumaður og Bjarni Bjarnason skólastjóri. Frá Mýra- og Borgarfjarðarsýslu Jón Steingrímsson sýslumaður. Frá Norður-Ísafjarðarsýslu Jóhann Gunnar Ólafsson sýslumaður. Frá Vestur-Ísafjarðarsýslu þeir Jóhannes Davíðsson, Hjarðardal, og Sturla Jónsson, Suðureyri. Frá Vestur-Húnavatns- og Strandasýslu Sæmundur Guðjónsson skólastjóri. Mun þeir og hafa haft samráð við ráðamenn í öðrum sýslufélögum, sem eins stendur á um í þessu efni, og má ganga út frá, að þau sýslufélög standi einnig að þeirri ályktun, sem fyrrnefndir fulltrúar samþykktu á fundi sínum í Reykjavík.

Fer ályktun þeirra hér á eftir ásamt greinargerð, er henni fylgir:

„Vér undirritaðir fyrir hönd hlutaðeigandi skóla og sýslufélaga beinum hér með þeirri áskorun til ríkisstjórnar og alþingismanna, að á Alþingi því, er nú situr að störfum, verði gildandi lögum varðandi gagnfræðanám og húsmæðrafræðslu breytt þannig, að héraðsskólar og húsmæðraskólar í sveitum verði kostaðir og reknir að fullu af ríkinu, — en til vara, að ríkissjóður greiði öll kennaralaun við skóla þessa og 90% af stofnkostnaði, viðhaldskostnaði og öðrum rekstrarkostnaði þeirra.“

Greinargerð sú, er fyrr getur, hljóðar svo:

„Með lögum frá 1946 virðist vera gengið út frá, að nokkrum sýslufélögum í landinu verði lagðar þær skyldur á herðar að greiða stofnkostnað og rekstrarkostnað héraðsskóla og húsmæðra, ákveðið hlutfall á móti ríkissjóði. Engin samráð voru þó höfð við forráðamenn þessara sýslufélaga um álögur þessar, og ekki var þeim jafnframt séð fyrir auknum tekjum, sem réttlætt gátu þessar álögur.

Eftir ákvæðum eldri laga um skóla þessa var styrkur úr ríkissjóði það ríflegur, að hann ásamt skólagjöldum stóð undir rekstri og að nokkru leyti undir stofnkostnaðarframlagi.

Sýslufélög og jafnvel einstök hreppsfélög veittu smávegis styrki til þessara skóla. Var það frjálst framlag og fór þá að sjálfsögðu eftir efnunum og ástæðum í hvert sinn.

Við setningu skólalöggjafarinnar 1946 var ekki gengið formlega frá því, hvaða sýslufélög tækju þessa skóla að sér. Var það raunar ekki fyrr en frá leið, að sýslunefndum varð ljóst, hvað hér var í efni.

Í hlut sumra sýslufélaga komu tveir skólar, í annarra hlut einn skóli.

Við framkvæmd hinnar nýju skólalöggjafar voru stofnaðir nýir framhalds-

skólar á flestum hinna þéttbýlli staða. Í Árnessýslu, sem stendur undir héraðsskóla og húsmæðraskóla ásamt ríkinu, eru t. d. 4—5 framhaldsskólar, sem kostaðir eru af sjóðum viðkomandi hreppa á móti ríkissjóði. Það er hvorki til þess ætlað né heldur mögulegt, að sýslusjóður veiti styrk til þessara skóla einstakra hreppsfélaga. Aftur á móti verða þessi sömu hreppsfélög að bera hlutfallslega kostnað af skólunum á Laugarvatni. Sama ástand og hér hefur verið lýst er einnig innan sýslufélaga, er að hinum héraðs- og húsmæðraskólunum standa. Verður af þessu misræmi og réttmæt óánægja.

Nokkur sýslufélög sleppa algerlega við allan kostnað af þessu hliðstæða skólahaldi.

Heill landsfjórðungur, Austurland, fær allan kostnað við Eiðaskóla greiddan úr ríkissjóði, og sama er að segja um húsmæðraskólann á Staðarfelli í Dalasýslu.

Þá viljum vér benda á það, að skólar þessir eru yfirleitt ekki nema að litlu leyti sóttir af nemendum úr þeim sýslum, sem kostnaðinn bera. Veldur þar að sjálfsgöðu mestu fámenni sveitanna. Skal einnig á það bent, að varla mundu kaupstaðir landsins telja sér skylt að standa undir skólahaldi, sem væri um 50—75% vegna nemenda úr öðrum héruðum að því er héraðsskólana snertir — en 50—97%, þegar húsmæðraskólar eru meðtaldir.

Að lokum skal það svo nefnt, sem veigamest er, en það er féleysi sýslusjóðanna, hjá sumum m. a. vegna fámennis, hjá öðrum vegna margvíslegra bundinna útgjalda og hjá öllum vegna takmarkaðra tekjustofna.

Afleiðing þess ástands eru skuldir og vanskil við skólana annars vegar, en ónógt viðhald mannvirkja og skortur á hæfilegri aðbúð og búnaði hins vegar.

Vér teljum hvorki sanngjarnt né mögulegt að ætla einstökum sýslufélögum að standa undir kostnaði, sem að mestu leyti er vegna annarra skólahéraða, en láta önnur sýslufélög og heilan landsfjórðung sleppa við hliðstæð gjöld.

Skal á það bent, að hér er um svo greinilega sérstöðu að ræða innan íslenska skólakerfisins, að engin ástæða er til þess að gera ráð fyrir, að sú breyting, sem hér hefur verið farið fram á að gerð verði, geti orðið fordæmi um aðra skóla.“

Til viðbótar þessum rökum í greinargerð fyrrgreindra frv. vilja flm. þessa frv. taka eftirfarandi fram:

Við leggjum til, að ríkissjóður greiði stofnkostnað héraðsskóla að fullu. Annan kostnað vegna þessara skóla skal ríkissjóður einnig greiða að fullu, að frádregnum tekjum þeirra.

Um kostnaðarauka ríkissjóðs vegna þessarar breytingar, ef að lögum yrði, vísast til álitserðar Aðalsteins Eiríkssonar eftirlitsmanns með fjármálum skóla, sem fylgir hér með sem fylgiskjal.

Af henni sést, að hér er ekki um stórfelldan kostnaðarauka að ræða fyrir ríkissjóð. Hins vegar er þessi lagabreyting lífsnauðsynleg, til þess að ýmis fámenn og févana héruð geti haldið uppi héraðsskólum sínum og búið þannig að þeim og þeirri æsku, sem þá sækir, að sæmilegt geti talizt. Liggur nú við borð, að einstökum héraðsskólum verði lokað, vegna þess að húsakynni þeirra eru orðin svo léleg, að ekki er hægt að bjóða ungu fólki vist í þeim, enda þótt þeir séu eftir-sóttar og ágætastar menntastofnanir. Við svo búið má ekki standa. Það er von flm. þessa frv., að það geti orðið grundvöllur að lausn þessa vandamáls, sem ekki aðeins er vandamál ýmissa fámennra sveitahéraða, heldur þjóðarinnar í heild, er sendir æsku sína í vaxandi mæli á héraðsskóla sveitanna.

Fylgiskjal.

Útgjaldaaukning ríkissjóðs á ári, ef stofnkostnaður og rekstrarkostnaður héraðsskóla, að frádregnum tekjum, yrði að öllu greiddur úr ríkissjóði. Rekstrarkostnaður er miðaður við árið 1959, en stofnkostnaður við fjárlög 1961.

Samanburður þessi nær til 7 héraðsskóla: Reykholt, Núpur, Reykjanes, Reykir, Laugar, Skógar og Laugarvatn.

	Hlutur ríkissjóðs samkv. núgildandi reglum	Hlutur ríkissjóðs, ef hann tekur skólana að sér 100%	Árl. útgjalda- aukning af breytingunni. Miðað við rekstur 1959, stofnkostnað fjárlög 1961
1. Árleg hlutdeild ríkissjóðs í rekstri 7 héraðsskóla, miðað við 1959	1595968.18	1485258.21	—
2. Árleg hlutdeild ríkissjóðs í stofnkostnaði 7 héraðsskóla, miðað v. fjárv. 1961	2571789.00	3429052.00	—
Samtals	4167757.18	4914310.21	
3. Mism., árl. útgjaldaaukning ríkissjóðs	746553.03	—	746553.03
Alls	4914310.21	4914310.21	746553.03

Helztu ókostir gildandi greiðsluforma:

- Sýslufélög hafa ekki gerzt þeir aðilar í stofn- og rekstrarkostnaði héraðsskóla, sem þeim ber samkvæmt lögum. Fjárveitingar úr sýslusjóðum til þessara skóla eru mjög takmarkaðar og alltaf 1—2 árum eftir að kostnaður gjaldfellur.
 - Fjárskortur sýslufélaga. Tekjustofnar þeirra þannig, að varla getur talizt rökrétt, að þau séu aðilar um skólakostnað á móti ríkissjóði.
 - Skólarnir eru sóttir af nemendum alls staðar að á landinu, bæði úr sveitum og kaupstöðum, heimamenn líta ekki á þá sem skóla sérstaklega fyrir þeirra hérað.
 - Meiri hluti sýslufélaga sleppur við allan slíkan kostnað, en notar að sjálf-sögðu héraðsskólana á borð við þá, sem kosta eiga skólana á móti ríkinu. Heill landsfjórðungur, Austurland, fær slíkan skóla kostnaðan að fullu úr ríkissjóði.
- Vantandi framlag sýslusjóða, 25%, til stofnkostnaðar veldur því, að aldrei er lokið við byggingar þessara skóla — en þær hálfkaraðar árum saman.
- Af þessum ástæðum er viðhaldi þeirra mjög ábótavant, enda þótt miklu fé sé til þess varið árlega. Þetta kemur harðast niður á ríkissjóði.
- Breyting sú, sem gerð var 1958, að láta allar leigutekjur koma í hlut heima-aðilans, hefur orðið til þess, að lögð er áherzla á sjóðsmyndanir, sem jafnóðum renna til að bjarga að einhverju leyti hlut sýslufélaga í stofnkostnaði, en við-hald er vanrækt.
- Mikið misræmi verður milli skólanna í tekjuöflun þessari, þar sem þeir standa svo misjafnt að vígi. Á s. l. 4 árum, eða síðan breytingin var gerð (1957—1960), hefur héraðsskólinn á Laugarvatni fengið slíkan tekjuafgang, en sýslufélög, sem að Skógaskóla standa, orðið að greiða álíka upphæð í hallarekstur.

Kostir þess, að skólarnir væru á einni hendi:

- Áframhaldandi framkvæmdir og viðhald væri í höndum þess aðilans, sem nú hefur mestra hagsmuna að gæta, þar sem hann kostar skólana að mestum hluta, en hefur nú yfir þeim takmörkuð yfirráð.
- Sýslufélög landsins sætu þá öll við sama borð í þessu efni, og aðstaða skólanna innbyrðis yrði sambærilegri en nú er.
- Ríkisvaldið fengi umráð yfir þessum skólum, m. a. til gistihúsaahalds að sumrinu til og annarra ráðstafana, ef þörf kallar á einhverju sviði uppeldis- og fræðslumála.

Það er skoðun mín, sem hægt væri að rökstyðja betur í lengra og rækilegra máli en hér er gert, að það yrði ávinningur fyrir alla, sem hér eiga hlut að máli, að sú breyting yrði á, að skólar þessir kæmst á eina hendi, og að hrein málamyndaþáttaka sýslufélaga í kostnaði þeirra væri úr sögunni. Það væri í senn réttlátara og hreinlegra en skipan þessara mála er nú eftir gildandi reglum.

29. janúar 1961.

Aðalsteinn Eiríksson.